



Reglur Sveitarfélagsins Ölfuss um námsvist utan lögheimilissveitarfélags

Reglur þessar taka mið af viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga um námsvist nemenda í grunnskólum utan lögheimilissveitarfélaga frá 25. janúar 2013 og viðmiðunarreglum sambandsins vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags frá 27. janúar 2012.

1. grein

Nemendur sem eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Ölfusi skulu að jafnaði stunda nám í sveitarfélaginu eða í nágrannasveitarfélögum samkvæmt samningi þar um við Hveragerðisbæ og Árborg er varðar nemendur í dreifbýli Ölfuss.

2. grein

Flytjist lögheimili nemanda í annað sveitarfélag eftir að nemandi hefur skólagöngu í Sveitarfélaginu Ölfusi skal hann hafa kost á að ljúka námi í skólanum til loka skólaársins í samræmi við viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga. Umsókn þarf að berast til lögheimilissveitarfélags og þarf samþykki frá lögheimilissveitarfélagi nemandans vegna greiðslna fyrir áframhaldandi skólavist í Ölfusi út skólaárið.

3. grein

Stjórnendateymi fræðslumála í Ölfusi getur í samráði við skólastjórnendur heimilað nemendum úr öðrum sveitarfélögum námsvist í skólum sveitarfélagsins sé þess óskað, enda liggi fyrir samþykki hlutaðeigandi lögheimilissveitarfélags um greiðslur námskostnaðar samkvæmt viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

4. grein

Foreldrar/forsjáraðilar geta sótt um námsvist fyrir grunnskólanemendur í grunnskóla utan Sveitarfélagsins Ölfuss. Sótt skal sérstaklega um fyrir hvert skólaár og skal það gert fyrir **15. apríl ár hvert fyrir komandi skólaár.**

Umsóknareyðublöð fyrir komandi skólaár má finna í íbúagátt á vefsvæði Sveitarfélagsins Ölfuss www.olfus.is. Heimilt er að taka fyrir umsóknir sem berast eftir 15. apríl í sérstökum tilvikum. Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við forsjáraðila og/eða barnavernd.

Sé námsvist heimiluð skuldbindur Sveitarfélagið Ölfus sig til þess að greiða viðtökusveitarfélaginu skólakostnað samkvæmt viðmiðunarfrjárhæðum Sambands íslenskra



sveitarfélaga. Forsjáraðilar senda afgreiðsluna ásamt umsókn um skólavist til þess sveitarfélags sem óskað er eftir að nemandinn stundi nám.

Sé umsókn synjað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti.

5. grein

Stjórnendateymi fræðslumála í Ölfusi fer með meðferð umsókna samkvæmt ákvæðum laga um grunnskóla nr. 91/2008 og stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og falla undir þær reglur sem hér eru settar en sé um afbrigði að ræða tekur fjölskyldu- og fræðslunefnd umsóknina til afgreiðslu.

6. grein

Greiðslur miðast við viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga um grunnskóla og leikskóla sem gefnar eru út í upphafi hvers skólaárs. Þurfi nemandi á sérhæfðu kennsluúrræði/sérkennslu að halda skal um það samið sérstaklega. Forsjáraðilar sjá ávallt um allan flutning nemanda til skólans sem viðkomandi sækir og þann kostnað sem af því leiðir.

Forsjáraðilar bera ábyrgð á að innrita nemanda í viðtökuskóla og sendir Sveitarfélagið Ölfus staðfestingu til viðtökusveitarfélags og viðtökuskóla um greiðslur hafi umsókn verið samþykkt.

7. grein

Sveitarfélagið Ölfus heimilar námsvist í öðru sveitarfélagi á eftirfarandi forsendum:

- Þegar nemandi þarf sérhæft kennsluúrræði sbr. 17. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 og ekki er boðið upp á slíkt úrræði í skólum sveitarfélagsins.
- Þegar nemanda er ráðstafað í fóstur samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002.
- Þegar nemandi fylgir forsjáraðila/-aðilum sem stunda háskólanám sem krefst tímabundinnar búsetu utan Sveitarfélagsins Ölfuss enda teljist námið lánshæft að mati Menntasjóðs námsmanna og staðfestingu á námsvist sé framvísað.
- Þegar félagslegar forsendur nemanda kalla á slíka ráðstöfun á grundvelli laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barns (*Lög nr. 86 22. júní 2021*).

8. grein

Ákvörðun á grundvelli 1. tl. mgr. 4. gr. er kæránleg samkvæmt fyrirmælum 47. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Rísi ágreiningur um afgreiðslu umsóknar á grundvelli 3. tl. mgr. 4. gr. er heimilt að skjóta málinu til fjölskyldu og fræðslunefndar.

9. grein

Áætla skal fjármagni í fjárhagsáætlun hvers árs til að standa straum af kostnaði sem hlýst af framkvæmd reglna þessara. Ef sýnt er að kostnaður fari fram úr samþykktum fjárheimildum



ber stjórnendateymi fræðslumála að óska eftir viðauka við fjárhagsáætlun hjá bæjarráði Sveitarfélagsins Ölfuss.

10. grein

Ofangreindar reglur taka að öðru leyti mið af viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga um námsvist nemenda í grunnskólum utan lögheimilissveitarfélaga frá 25. janúar 2013 og viðmunarreglum sambandsins vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélaga frá 27. janúar 2012.

Reglur þessar voru samþykktar af fjölskyldu- og fræðslunefnd þann 13.08 2025 og staðfestar af bæjarráði Sveitarfélagsins Ölfus þann 21.08 2025 og miðast gildistaka við þann dag er bæjarráð staðfesti reglurnar.